

Yfirlit yfir helstu goð og gyðjur

Nafn:	Bústaður:	Hlutverk:	Maki	Afkvæmi	Einkennisdýr /-gripir, þjónustulið, ATH!
Óðinn Borsson	Valhöll	Alföður, æðsta goð, guð hernaðar, skáldskapar og visku	Frigg	Baldur (m. Frigg), Þór (m. Jörð), Víðar (m. Gríði), Váli (m. Rindi), Heimdallur (m. 9 systur / öldunum?), Bragi (m. Gunnlöðu?), Týr og Höður	Tveir hrafnar: Huginn og Muninn Tveir úlfar: Geri og Freki Hestur: Sleipnir Hásæti: Hliðskjálf Spjót: Gungnir Einherjar: Vopndauðir hermenn Óðins Valkyrjur: þjónustustúlkur í Valhöll, kjósa val. Ráðgjafi: höfuð Mímis
Frigg Fjörgynsdóttir	Fensalir	Gyðja ástar og hjúskapar	Óðinn	Baldur	Þjónustumejar: Fulla, Gná og Hlín
Baldur Óðinsson	Breiðablik	Hinn hvíti ás: „Vitrastur, fegurstur, líknsamastur ... en engi má haldast dómur hans.“	Nanna Nepsdóttir	Forseti	
Þór Óðinsson	Þrúðvangur, höllin: Bilskirnir	Þrumuguð	Sif	Móði og Þrúður (m. Sif), Magni (m. Járnsoxu), Ullur (stjúpsonur)	Hamar: Mjólnir Belti: Megingjarðir Járnglófar til að halda um glóandi hamarsskaftið. Tveir geithafrar (draga vagn Þórs): Tanngnjóstur og Tanngrisnir Þjónustufólk: Þjálfí og Röskva

Sif	Þrúðvangur	Gyðja kornakra	Þór	Ullur (faðir óþekktur), Móði og Þrúður (m. Þór), Magni (stjúpsonur)	ATH! Hár Sifjar er úr gulli eftir að Loki klippti af henni allt hárið og þurfti að útvega henni nýtt.
Njörður	Nóatún	Guð sjávar og siglinga (og ári og fésælu manna)	1. Ónefnd systir (Nerþus?) 2. Skaði Þjassadóttir	Freyr og Freyja (m. fyrri konu sinni)	ATH! Er vanaættar en kom sem gísl í Ásgarð, ásamt börnum sínum, eftir stríð milli ása og vana.
Freyr Njarðarson	Álfheimar	Frjósemisguð	Gerður Gymisdóttir		Skip: Skíðblaðnir Göltur (farkostur): Gullinbursti Sverð sem berst sjálft en hann gaf frá sér til að ná ástum Gerðar.
Freyja Njarðardóttir	Fólkvangur Salur: Sessrúmnir	Ástar- og frjósemisgyðja	Óður, hann yfirgefur hana á brúðkaupsnóttina.	Hnoss	Hálsmen: Brísingamen Vagn sem tveir kettir draga ATH! Hún fær hálfan val á móti Óðni
Heimdallur Óðinsson	Himinbjörg (við enda Bifrastar)	Vörður goða		Skv. Rígsþulu: Þræll (m. Eddu) Karl (m. Ömmu) Jarl (m. Móður)	Lúður: Gjallarhorn Hestur: Gulltoppur ATH! Hann heyrir grasið vaxa, sér bæði nótt sem dag og þarf minni svefn en fugl. Hann á 9 mæður (öldurnar?)
Loki Laufeyjarson		Hrekkjaguð, „djöfull“ goðheima, a.m.k. á seinni stigum.	Sigyn	Váli og Nari/Narfi (m. Sigyn), Sleipnir (m. Svaðilfara), Miðgarðsormur, Fenrisúlfr og Hel (m. Angurboðu)	ATH! Loki og Óðinn eru fóstbræður – gengu í fóstbræðralag. Loki er móðir Sleipnis.

Hel Lokadóttir	Samnefnt ríki í Niflheimi Salur: Eljúðnir	Drottning undirheima / dauðraríkisins			Diskur: Hungur Hnífur: Sultur Þræll: Ganglati Ambátt: Ganglöt Þröskuldur: Fallandaforað Sæng: Kör
Týr Óðinsson		Herguð			ATH! Týr lét aðra hönd sína í gin Fenrisúlfs þegar hann var fjöttraður með fjötrinum Gleipni og Týr er því einhentur.
Bragi Óðinsson		Skáldskaparguð	Iðunn		ATH! Nafnorðið <i>bragur</i> , og þ.a.l. <i>bragarháttur</i> , er dregið af nafni hans.
Iðunn	Brunnakur	Gætir epla eilífrar æsku			